

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

28. janúar 2021

## Umsögn Samorku um grænbók um byggðamál

Með vísan í umsagnarbeiðni í samráðsgátt stjórnvalda, frá 29. desember síðastliðnum, þá veita samtökin hér umsögn sína um grænbók um byggðamál.

Í grænbókinni er sett fram sú framtíðarsýn að Ísland verði „í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Meginmarkmiðið er að byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær og að þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.“. Samorka tekur undir þessi markmið en minnir á að til þess að þau nái fram að ganga þarf að tryggja nægt framboð af orku (raforka og jarðvarmi) og öflugra orku- og veituumviði. Mikilvægt er að í grænbókinni sé umfjöllun um þessa nauðsynlegu forsendur atvinnusköpunar og jákvæðrar samfélagslegrar þróunar í byggðum landsins – og hvetur Samorka til þess að lögð verði meiri áhersla á þetta á næstu stigum málsins.

### Stóra myndin

Í ályktun aðalfundar Samorku 2020 kemur eftirfarandi fram:

*Markvisst er unnið að því að takmarka orkunýtingu á sífelld stærra landsvæði sem ríkt er af endurnýjanlegum orkulindum.*

*Áður en ákvarðanir um slíkar takmarkanir eru teknar er nauðsynlegt að því sé svarað hvaðan hreina orkan, sem uppfylla á þarfir komandi kynslóða, eigi að koma.*

Í orku- og veitumálum landsins eru nú ákveðnir lykiltímar og má í raun segja að ekki hafi áður verið jafn mörg stór mál til afgreiðslu á vettvangi stjórnmalanna, sem breyta í grundvallaratriðum umhverfi orku- og veitumála á Íslandi.

- Með hálandisþjóðgarði og nærsvæðum hans, friðunum byggt á rammaáætlun og öðrum friðunum, stefnir í að nálægt helmingjur landsvæða á Íslandi verði undir e-s konar friðun. Stór meirihluta þessa svæðis felur í sér friðun gegn hverskonar orkunýtingu.
- Á Alþingi liggur fyrir þingsályktunartillaga um þriðja hluta verndar- og orkunýtingaráætlun, ramma 3. Núverandi fyrirkomulag friðana byggt á samþykkt rammaáætlunar felur í sér að öll vatnasvið þeirra orkukosta sem lenda í verndarflokki rammaáætlunar, verða friðuð.
- Fyrirhugaðar eru breytingar á lögum um vernd- og orkunýtingaráætlun og ný stefnumótun um staðsetningu vindorkuvera.
- Í framhaldi af fárviðri í lok árs 2019 komu fram tillögur að ýmsum úrbótum til að styðja við uppbyggingu nauðsynlegra orkuinnviða, og er sú vinna enn í gangi með tillögum til breytinga á skipulagslögum.
- Auk þessa eru á þingi nokkur stór mál til umræðu varðandi regluverk og stjórnsýslu framkvæmda, t.d breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulagslögum.

Öruggt framboð af orku og sterkir flutnings- og veituumviðir eru lykilaðri í byggðamálum, sérlega þegar það kemur að uppbyggingu fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Ef horft er til framtíðar, varðandi hvar liggja helstu tækifæri sveitarfélaga á landsbyggðinni til uppbyggingar öflugrar atvinnustarfsemi, þá sést glögglega að orkan – í formi rafmagns eða heits vatns – er í lykilhutverki. Hvort sem um er að ræða tækifæri tengd orkuskiptum, snjallvæðingu, gervigreind, nútíma matvælaframleiðslu eða nýrrar iðnbyltingar – þá gegnir öruggt framboð af orku og tryggir veituumviðir lykilhutverki. Þetta má sjá í nýrri orkustefnu fyrir Ísland, þar sem mótuð hefur verið

metnaðarfull framtíðarsýn um hvernig við Íslendingar getum nýtt orkuna okkar á jákvæðan hátt fyrir samfélagið hringinn í kringum landið. Í framtíðarsýn orkustefnunnar kemur m.a fram að:

Orkan er nýtt með sjálfbærum hætti samfélagi og almenningi til hagsbóta. Allri orkuþörf er mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma. Landið er leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu, orkuskiptum, orkunýtni og skilvirkri fjölnýtingu orkugjafa.

Í stefnunni kemur einnig fram að framboð af orku skuli vera nægt til að þjóna þörfum landsins, að orkuþörf landsins sé ávallt uppfyllt sem leggi grunn að sterkum byggðum og uppbyggingu atvinnulífs um land allt. Fjallað er um að raforkuinnviðir skuli styrktir og að jafnt aðgengi skuli vera að orku um land allt.

Sú öflugra framtíðarsýn sem orkustefna Íslands setur fram, á því miður eftir að skila sér í aðra stefnumótun á vettvangi stjórnvalda. Þetta er þema umsagnar Samorku og skilaboðin inn í vinnu við hvítbók um byggðaáætlun og síðan byggðaáætlunina sjálfa. Ef að nýting grænnar orku á að styðja við uppbyggingu atvinnulífs og styrkingu byggða á Íslandi til framtíðar, þá þarf stefnumótun stjórnvalda á öllum tengdum sviðum að taka tillit til þess. Þetta á sérlega við í byggðamálunum, móta þarf nákvæma stefnu um hvaða hlutverk orkan getur og á að gegna í þeim.

### Samhæfing áætlana stjórnvalda.

Í kafla 4 í grænbókinni kemur fram að: „ávinningur af samhæfingu áætlana er fjölpættur og felur meðal annars í sér möguleika á betri nýtingu fjármuna, auknu gegnsæi og samvinnu í ólíkum málaflokkum sambærilegar eða sameiginlegar áherslur og aðgerðir. Með samhæfingu er unnt að hámarka árangur opinberra áætlana á öllum stigum stjórnsýslunnar og auka jákvæð áhrif. Því er mikilvægt að sameina krafta og tryggja að allir hluteigandi komi að því að leita lausna“. Samorka tekur undir ofangreinda umfjöllun og hvetur til þess að við vinnu hvítbókar og byggðaáætlunar verði fjallað um þau áhrif sem aðrar áætlanir stjórnvalda hafa á byggðamálin og komið verði í veg fyrir að opinber stefnumótun á einum vettvangi vinni gegn stefnumótun á öðrum vettvangi. Hér vísa samtökin til þess að í grænbók þessari eru sett fram jákvæð og metnaðarfull markmið um atvinnusköpun og jákvæða þróun samfélaga á landsbyggðinni, en á sama tíma er unnið á vettvangi stjórnvalda og Alþingis að aðgerðum sem takmarka möguleika til atvinnusköpunar.

Atvinnusköpun byggð á orkunýtingu (á smærri eða stærri skala) er ein af megin framtíðarleiðum sem Íslendingar hafa til atvinnusköpunar, sérlega í dreifðari byggðum landsins. Við stefnumótun í byggðamálun þarf því að tryggja að aðrar áætlanir stjórnvalda hindri ekki möguleika til uppbyggingar. Þannig þarf að tryggja að í byggðum landsins sé til staðar nægt framboð af orku og tryggir innviðir, til að græna orkan sem Ísland býr yfir geti stutt við atvinnuuppbyggingu. Samorka leggur áherslu á að fyrirtætanir um stórfelldar friðanir gegn orkunýtingu sem nú er unnið að, séu greindar í samhengi við markmið stjórnvalda í byggðamálum.

### Árangursmælikvarðar

Með vísan í umfjöllun kafla 5.7 um árangursmælikvarða nógildandi byggðaáætlunar, þá leggja samtökin til að bætt verði inn mælikvarði um aðgengi að orku og veituþjónustu. Undir þeim mælikvarða væri hægt að hafa mælanlega undirmælikvarða varðandi nægt framboð af orku (rafmagni og heitu vatni), fullnægjandi ástand orkuinnviða, aðgengi að orkuinnviðum tengt orkuskiptum o.s.frv. Þannig væri hægt að fylgjast með því hvort að ástand orkumála í byggðum landsins sé nægjanlega öflugt til að styðja við nauðsynlega atvinnuuppbyggingu, lífskjör og jákvæða samfélagsþróun. Slíkir mælikvarðar gæfu líka mikilvægar vísbindingar um uppbyggingarþörf og nauðsynlegar úrbætur á laga og regluverki og stjórnsýslu.

Varðandi mælikvarða B.i, þá minna samtökin á að hluti af því að hafa jöfn tækifæri til atvinnu hringinn í kringum landið, er að hafa öruggt aðgengi að orku og veituumviðum.

## Framtíðarsýn og lykilviðfangsefni

- Nr. 2 - Fjölbreytt atvinnulíf. Um það segir: „Það er lykilviðfangsefni að nýta tækifæri sem felast í fjórðu iðnbyltingunni og skapa fjölbreytt ströf um land allt“. En hvað snýst fjórða iðnbyltingin um: Snjallvæðingu, gervigreind, internet hlutanna og ýmis konar þróun sem á sér það sameiginlegt að það þarf raforku til.
- Nr. 3 – Innviðir. Um það segir: „Það er lykilviðfangsefni að traustir innviðir séu til staðar um land allt, bæði efnislegir og samfélagslegir“. Samorka tekur undir þetta og hvetur til þess að í hvítbók og byggðaáætlun verði fjallað ítarlega um nákvæmlega hvaða innviðir þurfi að vera til staðar og hvaða kröfur og markmið þeir eigi að uppfylla. Það þarf að fjalla um aðgengi að orku, flutningsgetu milli landshluta og svæða, orkuinnviði orkuskipta, aðgengi að hitaveitu og fleira sem þarf til að styðja við markmið byggðastefnu.
- Nr. 4 – Innviðir. Um það segir: Það er lykilviðfangsefni að takast á við áskoranir í umhverfis- og loftslagsmálum, nýta tækifæri sem í þeim kunna að felast og að staðbundnar aðgerðir taki mið af hnattrænni hugsun.“ Samorka tekur sérstaklega undir þessi orða og minnir á þá staðreynd að langstærsta framlag Íslands í loftslagsmálum er framleiðsla á grænni endurnýjanlegri orku í formi rafmagns og heits vatns. Hér kemur mikilvægi orkuskipta og tækifæra á þeim vettvangi einnig inn sem hluti af aðgerðum í umhverfis- og loftslagsmálum, m.a. þarf að tryggja aðgengi þar sem svo nefndur markaðsbrestur kanna að vera upp þegar kemur að þjónustu við t.d. rafbíla eða önnur orkuskipti s.s. vetni eða annað rafeldsneyti.
- Nr. 5 – Alþjóðleg samkeppnisstaða og sjálfbærar byggðir. Um það segir: Það er lykilviðfangsefni að bregðast við harðandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki og gæta að samspili þéttbýlis og dreifbýlis til uppbyggingar sjálfbærra byggðarlaga“. Það er rétt að samkeppni um fólk og fyrirtæki eykst með hverju ári og að tryggja þarf samkeppnishæfni byggða og þjóðarinnar allra í því samhengi. Þar skiptir verulegu máli aðgengi að orku á samkeppnishæfu verði og bendir Samorka á nauðsyn þess að gera úrbætur á laga- og regluverki og stjórnsýslu orkuvinnslu og framkvæmda héraendis. Þar er sérstaklega mikilvægt að gera úrbætur á því kerfi sem notast er við til auðlindastýringar í orkumálum – rammaáætlun. Það væri hægt að skrifa langa ritgerð um faglega ágalla við rammaáætlunarferlið og það sem farið hefur úrskaiðis við framkvæmd þess – en við bendum sérstaklega á hversu alvarlegt það er að ekki er tekið að neinu marki tillits til hagkvæmni orkukosta í ferlinu og í tillögu verkefnisstjórnar að ramma 3 luku faghópar um samfélags- og efnahagsþætti ekki störfum áður formlegri tillögu var skilað. Matssaðferðir hafa þannig ekki tekið tillit til hagkvæmni orkuverð til lengri tíma, né er er svonefnd byggðaleiðréttindi tekin inn eins og t.d. er gert í Noregi sem er alvarlegt m.t.t byggðasjónarmiða.

## Áherslur og leiðir

Samorka tekur almennt vel í þær áherslur og leiðir, sem settar eru fram við hvert hinna þriggju lögbundnu markmiða byggðaáætlunar. Þar er jákvætt að fjallað er um raforkuinnviði, nýsköpun, loftslagsmál, græn umskipti og fleira. Samorka hvetur til þess að á næstu stigum vinnunnar verði fjallað ítarlegar um hvernig útfæra megi nánar þessar leiðir. Sem dæmi um það má nefna „græn umskipti“, sem fjallað er um í C.2. Hvað fela þau í sér og hvað þarf að gera til að þau náist fram – hvaða hindrunum þarf að ryðja úr vegi.

Að síðustu þá þakkar Samorka fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og eru samtökin tilbúin til að koma að vinnu málsins í framhaldinu. Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst, f.h Samorku

Sigurjón Norberg Kjærnested, forstöðumaður.